

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald og rotþróargjald í Strandabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Strandabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Strandabyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur, rotþrær, siturlagnir og meðhöndlun seyru í Strandabyggð.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja íbúð og sumarhús sem ekki er tengt fráveitu sveitarfélagsins skal vera árlegt, kr. 10.567. Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.000.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 15. desember 2011 staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár.

Samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 15. desember 2011.

Hólmavík, 29. febrúar 2012.

Ingibjörg Valgeirsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2012